



*Skollaber í Þverhljóum Hrafnkelsstaðabotns við
Kolgrafafjörð. Ljós. Róbert A. Stefánsson*

NÁTTÚRUSTOFA VESTURLANDS

Stiklað á stóru um starfsemina 2018

*Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee
Maí 2019*

EFNISYFIRLIT

Fjárhagur	3
Stjórn	3
Starfsmannahald	3
Helstu verkefni	4
Vísindalegar náttúrurannsóknir og gagnasöfnun	4
Náttúruvernd og fræðsla	4
Ráðgjöf og þjónusta	5
Eftirlit	6
Samstarf	6
Og ýmislegt fleira	7
Fyrirlestrar 2018	7
Fyrirlestrar starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands	7
Ritaskrá 2018	8

FJÁRHAGUR

Á árinu 2018 voru rekstrartekjur Náttúrustofu Vesturlands 42,7 milljónir en gjöld 46,3 milljónir, þar af laun og launatengd gjöld 86%. Rekstrarafkoma ársins var neikvæð um 3,6 milljónir.

Eftir mikinn vöxt og uppbyggingu Náttúrustofunar frá stofnun hennar, gjörbreyttist rekstrarumhverfið við efnahagshrunið. Reksturinn hefur síðan þá verið þungur, en á árunum 2009-2012 dróst framlag ríkisins verulega saman á sama tíma og aðrar tekjur minnkuðu. Brugðist var við þessu með því að draga saman í rekstri eins og hægt var og fækka starfsfólki. Þrátt fyrir stórbættan hag ríkisins á síðustu árum er ríkisframlagið enn langt undir því sem það var fyrir hrun. Árið 2018 hækkaði framlagið frá árinu á undan en nam þó aðeins 67% af því sem það var árið 2008.

Ljóst er að styrkja þarf rekstrargrunn Náttúrustofunnar, enda hefur niðurskurður bitnað verulega á starfsemi og aukið álag á starfsfólk. Á árinu var rætt við umhverfis- og auðlindaráðherra um að reyna að ráða bót á þessu og sýndi hann því skilning.

STJÓRN

Helstu hlutverk stjórnar eru að fylgjast með fjárhag og starfsemi Náttúrustofunnar og stuðla að eflingu hennar. Stykkishólmsbær er eina sveitarfélagið sem kemur með beinum hætti að rekstri Náttúrustofu Vesturlands og skipar því alla þrjá stjórnarmenn. Fram að sveitarstjórnarkosningum vorið 2018 var stjórnin skipuð þeim Sturlu Böðvarssyni, sem var formaður, Hafdísí Bjarnadóttur og Lárusi Á. Hannessyni. Eftir kosningar var skipuð ný stjórn, sem í sitja Gunnlaugur Smárason, formaður, Hjalti Viðarsson og Ragnar M. Ragnarsson.

STARFSMANNAHALD

Árið 2018 unnu á stofunni fjórir fastráðnir starfsmenn, sem skiluðu 3,24 ársverkum. Að auki komu að starfsemi sumarstarfsmaður, háskólanemar og sjálfboðaliði. Samtals komu 8 manns að störfum Náttúrustofunnar með beinum hætti á árinu, auk stjórnarmeðlima.

- **Róbert A. Stefánsson**, forstöðumaður, og **Menja von Schmalensee** sviðsstjóri, bæði líffræðingar, unnu í fullu starfi að fjölbreyttum verkefnum allt árið.
- **Guðrún Magnea Magnúsdóttir**, sem hefur menntun í mannfræði, þróunarfræðum og alþjóðasamskiptum, var verkefnastjóri við vinnu að umhverfismálum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í gegnum umhverfsvottunarverkefni EarthCheck.
- **Theódóra Matthíasdóttir**, ferðamála- og jarðfræðingur, vann að málum Breiðafjarðarnefndar, lengstum í 25% starfi en í 80% starfi frá 1. september til ársloka.
- **Guðmundur G. Símonarson** aðstoðaði við mat á ábúð refagrenja í júlí.
- **Pavle Estrajher**, nemandi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, lauk við B.S. verkefni sitt um fuglaskoðun og fuglaskoðunarsvæði og **Florian Ruland**, líffræðingur og doktorsnemi við Freie Universität í Berlín, dvaldi í Stykkishólmi um vor og sumar 2018, þar sem hann vann að verkefni sínu um áhrif minka á fuglalíf. **Muriel Neugebauer** frá Freie Universität í Berlín vann sem sjálfboðaliði í júní.

reglulega eru haldnir fundir, samdar áskoranir um úrbætur í fuglavernd, sótt um styrki til ýmissa verkefna, staðið fyrir fræðslu o.s.frv.

- Aðstoða Stykkishólmsbæ við aðgerðir gegn ágengum plöntum og veita öðrum sveitarfélögum ráðgjöf í aðgerðum gegn alaskalúpínu og skógarkerfli. RÚV tók sjónvarpsviðtal við sviðsstjóra Náttúrustofunnar um ágengar tegundir, sem birtist í þættinum Kveik.
- Vinna með Breiðafjarðarnefnd að verkefnum sem tengjast vernd Breiðafjarðar.
- Taka þátt í gerð heimildamyndar um háhyrninga við Snæfellsnes og sitja fyrir svörum um háhyrninga í Samfélaginu á Rás 1.
- Svara fyrirspurnum fréttamanna og almennings um fjölbreytt málefni.

Samtals fluttu starfsmenn Náttúrustofunnar **21** erindi á árinu og áttu aðild að fjórum vísindagreinum sem sendar voru til birtingar í alþjóðlegum vísindaritum.

Ráðgjöf og þjónusta

Náttúrustofan veitti sveitarfélögunum á Snæfellsnesi þjónustu vegna **EarthCheck umhverfivottunarverkefnis** þeirra, eins og hún hefur gert frá upphafi þess verkefnis. Á árinu fólst sú vinna meðal annars í:

- Samskipti við stjórn Byggðasamlags Snæfellinga.
- Gerð styrkumsókna.
- Skrif ársskýrslu og árangursmat verkefnisins.
- Stjórn verkefna á framkvæmdaáætlun 2018.
- Uppfærsla á Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna 2019-2023.
- Gagnaöflun og úrvinnsla um auðlindanotkun sveitarfélaganna.
- Samskipti við EarthCheck, þ. á m. starfsþjálfun.
- Undirbúningur fyrir næstu úttekt vottunarinnar.
- Úttekt á starfsemi sveitarfélaganna.
- Vinna að úrbótum í samræmi við athugasemdir úttektaraðila.
- Kynning á verkefninu og umhverfismálum.
- Uppfærsla heimasíðunnar www.nesvottun.is.
- Samvinna við Svæðisgarðinn Snæfellsnes o.fl.

Náttúrustofan hefur veitt **Breiðafjarðarnefnd** þjónustu frá 2001 og hýst starfsmann sem sinnir nefndinni í hlutastarfi. Á árinu var m.a. unnið að eftirfarandi verkefnum:

- Umfjöllun og svörun erinda.
- Undirbúningur funda.
- Gerð vinnureglna nefndarinnar.
- Uppfærsla heimasíðu.
- Eftirfylgni með verkefnum sem nefndin samþykkti.
- Umsjón með reikningum og fjárhagsáætlun.
- Ritun starfsskýrslu.
- Gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Breiðafjarðarnefnd 2019-2022.
- Vinna að greinargerð um endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar.
- Stefnuþing um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- Gerð yfirlits um örnefnaskráningar á verndarsvæðinu.
- Náttúrustofan vann að gerð bæklinga um umgengni og öryggi ferðalanga við Breiðafjörð, að beiðni nefndarinnar. Bæklingurinn verður gefinn út árið 2019.

- Forstöðumaður Náttúrustofunnar situr í nefndinni fyrir hönd náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Starfsfólk Náttúrustofunnar var Stykkishólmsbæ innan handar vegna ráðgjafar um aðgerðir gegn ágengum plöntutegundum í sveitarfélaginu.

Eftirlit

Starfsfólk Náttúrustofunnar hefur eftirlit með náttúru Vesturlands á ferðum sínum og tekur við ábendingum frá almenningi. Eins og oft áður kom Náttúrustofan einnig að hjálp villtra dýra í neyð.

SAMSTARF

Náttúrustofan átti í farsælu samstarfi við fjölmarga aðila á sviði náttúrurannsókna og umhverfisverndar á árinu. Má þar helst nefna:

- **Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi**, m.a. vegna rannsókna á bjargfuglum og vatnafuglum, auk botndýra í Kolgrafafirði.
- **Aðrar náttúrustofur, m.a. í gegnum Samtök náttúrustofa**, t.d. vegna vöktunar bjargfugla og fiðrilda ásamt vinnu að eflingu náttúrustofa. Þá vinna náttúrustofur gjarnan saman að umsögnum um lagafrumvörp o.þ.h.
- **Náttúrufræðistofnun Íslands**, m.a. vegna rannsókna á haförnum.
- **Háskóla Íslands** vegna rannsókna á haförnum, botndýrum í Kolgrafafirði o.fl.
- **Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum**. Þangað sendir Náttúrustofan blóðsýni úr minkum, þar sem greint er hvort viðkomandi minkar hafi smitast af veirusjúkdómnum *plasmacytosis*.
- **Rorum ehf.** vegna rannsókna á botndýrum í Kolgrafafirði.
- **Landbúnaðarháskóla Íslands** vegna nemendaverkefnis sem unnið var í samstarfi við Náttúrustofuna og kennslu í vistfræði.
- **InDyNet** (Invasion Dynamics Network), sem er alþjóðlegur samstarfshópur sérfræðinga um ágengar tegundir. Vinnufundur var haldinn í Berlín um mánaðamótin febrúar-mars. M.a. var unnið að yfirlitsgreinum um hugtakanotkun í stjórnun ágengra tegunda og um áhrif sjarma á velgengi og stjórnun ágengra tegunda. Sviðsstjóri Náttúrustofunnar situr í verkefnisstjórn InDyNet.
- **Freie Universität Berlin** vegna ágengra tegunda og rannsókna á áhrifum minks á íslenska fugla.
- **University of Szczecin og West Pomeranian University of Technology** vegna rannsókna á stofnerfðafræði minks og stöðu minkastofnsins varðandi veirusjúkdóma og styrk þungmálma. Samstarfið nær einnig til ágengra tegunda almennt.
- **Svæðisgarðinn Snæfellsnes** vegna ýmissa samstarfsverkefna á sviði umhverfismála.
- **Sveitarfélögin á Snæfellsnesi**, m.a. vegna vinnu að aukinni sjálfbærni í starfsemi sveitarfélaganna.
- **UMÍS ehf. Environice**, vegna umhverfsvottunarverkefnis sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

OG ÝMISLEGT FLEIRA...

Hér hefur aðeins verið tæpt á því helsta í starfseminni, sem er gríðarlega fjölbreytt. Ótal smáverkefni eru hér ótalin, þar á meðal svör við fyrirspurnum, ýmis samskipti við stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga og greiningar á smádýrum. Ekki má svo gleyma fundum og ráðstefnum um ýmislegt sem tengist starfseminni. Þar má nefna að á árinu stóð SER Europe fyrir alþjóðlegri stórrí ráðstefnu í Reykjavík um vistheimt. Náttúrustofan átti fulltrúa á ráðstefnunni og kom að skipulagi og leiðsögn í vettvangsferð ráðstefnugesta á Snæfellsnes.

FYRIRLESTRAR 2018

Fyrirlestrar starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands

1. **Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands:** Róbert A. Stefánsson. Kynning fyrir gesti frá Hafrannsóknastofnun. Ráðhúsið Stykkishólmi 8. febrúar 2018.
2. **Umhverfissvottun Snæfellsness:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á fundi Lionsklúbbsins Rán í Ólafsvík. Félagsheimilið Klifi Ólafsvík 13. febrúar 2018.
3. **Which factors mostly influence IAS management decisions?** Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. Erindi flutt í 3. vinnustofu InDyNet, alþjóðlegs samstarfshóps um ágengar tegundir, Berlín 28. febrúar til 2 mars 2018.
4. **Umhverfissvottun Snæfellsness:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á fundi Soroptimistaklúbbs Snæfellsness. Björgunarsveitarhús Lífsbjargar Rifi 13. mars 2018.
5. **West Iceland Nature Research Centre:** Róbert A. Stefánsson. Erindi flutt fyrir nemendur og kennara frá Háskólanum í British Columbia, Kanada. Ráðhúsið Stykkishólmi 11. maí 2018.
6. **Nature conservation in Iceland: Main issues and execution.** Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. Erindi flutt fyrir nemendur og kennara frá Háskólanum í British Columbia, Kanada. Ráðhúsið Stykkishólmi 11. maí 2018.
7. **Environmentally Certified Snæfellsnes:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt fyrir nemendur og kennara frá Háskólanum í British Columbia, Kanada. Ráðhúsið Stykkishólmi 11. maí 2018.
8. **Sveiflur í fjölda minka og orsakir þeirra:** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Opið fræðsluerindi á vegum Náttúrustofu Austurlands, Menntaskólanum á Egilsstöðum, 15. maí 2018.
9. **Sveiflur í fjölda minka og orsakir þeirra:** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Opið fræðsluerindi á vegum Náttúrustofu Austurlands, Verkmenntaskóla Austurlands, Neskaupstað 15. maí 2018.
10. **Snæfellsnes sustainability program:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt fyrir háskólanema og kennara Wildland Studies í Bandaríkjunum (<https://www.wildlandsstudies.com/iceland>). Ráðhúsið Stykkishólmi 27. júní 2018.
11. **American mink in Iceland – research and management.** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Erindi flutt fyrir háskólanema og kennara Wildland Studies í Bandaríkjunum (<https://www.wildlandsstudies.com/iceland>). Ráðhúsið Stykkishólmi 29. júní 2018.
12. **Snæfellsnes sustainability program:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt fyrir sendinefnd frá Kaliningrad, Rússlandi. Ráðhúsið í Stykkishólmi 14. september 2018.
13. **Áhrif verndar Breiðafjarðar á byggðapróun:** Theódóra Matthíasdóttir, Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Erindi flutt á Byggðaráðstefnunni í Stykkishólmi, 16.-17. október 2018.
14. **Náttúrustofur og byggðapróun í sátt við náttúru.** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Erindi flutt á Byggðaráðstefnunni í Stykkishólmi, 16.-17. október 2018.
15. **Umhverfisstarf á Snæfellsnesi og það sem við getum gert:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á starfsdegi Grundarfjarðarbæjar. Félagsheimilið Grundarfirði 19. október 2018.

16. **Samfélagsleg ábyrgð í ferðapjónustu:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á samhringingi ferðapjónustuaðila á Snæfellsnesi. Breiðablik 29. október 2018.
17. **Umhverfi og samfélag á Snæfellsnesi:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Fræðsla fyrir starfsfólk G.Run. Sögumiðstöðin Grundarfirði 14. nóvember 2018.
18. **Umhverfislát Snæfellsnes: Samstarfsverkefni á Snæfellsnesi og staðall EarthCheck:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á bæjarstjórnarfundum Grundarfjarðarbæjar. Bæjarskrifstofan Grundarfirði 12. nóvember 2018.
19. **Starfsemi Náttúrustofu Vesturlands:** Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee. Kynning fyrir nýja stjórn Náttúrustofunnar. Ráðhúsið Stykkishólmi 15. nóvember 2018.
20. **Umhverfislát Snæfellsnes: Samstarfsverkefni á Snæfellsnesi og staðall EarthCheck:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á bæjarstjórnarfundum Snæfellsbæjar. Bæjarskrifstofan Hellissandi 6. desember 2018.
21. **Umhverfislát Snæfellsnes: Samstarfsverkefni á Snæfellsnesi og staðall EarthCheck:** Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Fræðsla fyrir teymi umhverfislátunar Snæfellsness. Ráðhúsið Stykkishólmi 11. desember 2018.

RITASKRÁ 2018

1. Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. **Náttúrustofa Vesturlands. Starfsemi 2011-2016.** 59 bls.
2. Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson. **Náttúrustofa Vesturlands. Stiklað á stóru um starfseminu 2017.** 10 bls.
3. Theódóra Matthíasdóttir, Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee (2018). **Áhrif verndar Breiðafjarðar á byggðapróun:** Erindi flutt á Byggðaráðstefnunni í Stykkishólmi, 16.-17. október 2018. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Radstefnur/byggdaradstefnan2018/erindi/radstefnurit-byggdaradstefnan-2018-stykkisholmi.pdf>.
4. Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee (2018). **Náttúrustofur og byggðapróun í sátt við náttúru.** Erindi flutt á Byggðaráðstefnunni í Stykkishólmi, 16.-17. október 2018. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Radstefnur/byggdaradstefnan2018/erindi/radstefnurit-byggdaradstefnan-2018-stykkisholmi.pdf>.
5. Pergl J., Pyšek, P., Essl F., Jeschke, J., Courchamp F., Geist J., Hejda M., Kowarik I., Mill A., Musseau C., Pipek P., Saul W.C., Menja von Schmalensee & Strayer D. **It's time to routinely track biological invasions** – Í ritrýni hjá Conservation Letters.
6. Jarić I., Courchamp F., Correia R.A., Crowley S.L., Essl F., Fischer A., González-Moreno P., Kalinkat G., Lambin X., Lenzner B., Meinard Y., Mill A., Musseau C., Novoa A., Pergl J., Pyšek P., Pyšková K., Robertson P., Menja von Schmalensee, Shackleton R.T., Róbert A. Stefánsson, Štajerová K., Veríssimo D. & Jeschke J.M. **The role of species charisma in biological invasions** – Í ritrýni hjá Frontiers in Ecology and the Environment.
7. Stille D., Ruland F., Róbert A. Stefánsson & Jeschke J.M. **Of mink and men: socio-economic factors influence the hunting bag of American mink in Europe and North America** – Í ritrýni hjá Oikos.
8. Robertson P.A., Mill A., Novoa A., Jeschke J.M., Essl F., Gallardo B., Geist J., Jarić I., Lambin X., Musseau C., Pergl J., Pyšek P., Rabitsch W., Scalera R., Menja von Schmalensee, Shirley M., Strayer D.L., Róbert A. Stefánsson, Smith K. & Booy O. **A proposed unified framework for managing biological invasions** – Í ritrýni hjá Frontiers in Ecology and the Environment.

Einnig ritaði starfsfólk Náttúrustofunnar fréttatilkynningar og greinar í dag- og vikublöð.